



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 15. NÓVEMBER 2023 // 43. TBL. // 44. ÁRG.



LJÓSMYND: SIGURDUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

HAMFARIR Í GRINDAVÍK

■ Líkur hafa aukist á eldgosí ■ Getur hafist hvenær sem er á næstu dögum ■ Sjá umfjöllun um hamfarirnar á síðum 2, 4, 11, 13 og 16 ■ Sjá einnig vf.is

Síða 8

Jólasaga í Aðventu-garðinum

Síða 9

Karلاكór Keflavíkur sjötugur

nettó

16.-19. nóvember

<p>KJÓTSEL</p> <p>40%</p> <p>Grisakinnar í trufflu-kryddlegi</p> <p>959 kr/kg</p> <p>1.599 kr/kg</p>	<p>KJÓTSEL</p> <p>40%</p> <p>Helgarsteik í marineringu</p> <p>1.499 kr/kg</p> <p>2.499 kr/kg</p>	<p>Apptilboð - afsláttur í formi inneignar</p> <p>20% appsláttur</p> <p>Allt morgunkorn</p>
---	---	---

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Stéttarfélagin hvetja atvinnurekendur til að aðstoða

„Það hafa margir Grindvíkingar haft samband við okkur og spurt út í ýmis mál sem þá vanhagar um. Við biðlum til atvinnurekenda og eigendur fyrirtækja að þeir aðstoði fólkið. Þetta snýr að húsnæðismálum og vinnusókn sem getur verið snúin fyrir marga,“ segir Guðbjörg Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Sama var uppi á teningnum hjá Starfsmannafélagi Suðurnesja. Trausti Björgvinsson, formaður félagsins sagði að vinna stæði yfir í þá veru að losa um sumarhús og íbúðir félagsins svo hægt væri að aðstoða Grindvíkinga í félaginu.

Guðbjörg segir að hjá VSFK séu um eitthundrað félagar sem eigi heima í Grindavík. Helmingur þeirra eru útlendingar og stærstur hluti hópsins er ungt fólk. „Það er því ljóst að það getur verið erfiðara fyrir fólk af erlendum uppruna að leysa t.d. húsnæðismál. Þetta er líklega aðeins auðveldara fyrir Íslendinga sem eiga ættingja víða. Við eigum tíu sumarhús og íbúðir sem við erum að losa svo þau séu laus fyrir Grindvíkinga en þetta húsnæði er í talsverðri fjarlægð frá Suðurnesjum þannig að það



flækir málin. Það er ljóst að það er ekki lausn til lengri tíma ef það mun þurfa, sem er líklegt. Inn í þessa flækju bætast við leikskóla- og skólamál barna. Þess vegna hvetjum við atvinnurekendur til að aðstoða fólkið sitt sem er í þessari stöðu,“ segir Guðbjörg og bætti því við að margir starfsmenn hafi áhyggjur af afkomu sinni, t.d. hvort það fái laun ef það getur ekki sótt vinnu.

„Við erum bara á fullu að vinna í þessum málum núna. Það er þó nokkur hópur í okkar félagi, fólk sem býr í Grindavík,“ segir Trausti hjá STFS. „Við reynum eins og við getum til að aðstoða. Fólk hefur haft samband og við reynum eftir fremsta megni að aðstoða en biðlum til atvinnurekenda til að gera það líka.“

Varaafsvélar færðar frá Grindavík

Í samráði við Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra voru varaafsvélnar Landsnets færðar frá Grindavík í samræmi við þær sviðsmyndir sem unnið er út frá og rýmingu bæjarins.

„Það tekur okkur ekki langan tíma að koma þeim aftur á svæðið þar sem þeirra verður þörf og eigum við í góðu samstarfi við HS Veitur og HS Orku. Saman leggjum allt kapp á að halda rafmagnsinnviðum á svæðinu gangandi. Við erum á vaktinni og fylgjumst vel með flutningskerfinu - hugur okkar er hjá Grindvíkingum og öllum viðbragðsaðilum. Við sendum ykkur okkar allra bestu strauma. Farið varlega þarna út og komið heil heim,“ segir í tilkynningu frá Landsneti.

Allt hreint
Umhverfissvöluð ræstingarþjónusta

**HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

**16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM**

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Íbúar Grindavíkur hafa notað þau tækifæri sem hafa fengið til að bjarga eignum sínum. Ljósmynd: Colli

Nýjar sprungur enn að myndast og líkur á eldgosi hafa aukist

Líkur hafa aukist á eldgosi í eða við Grindavík. Gosið getur hafist hvenær sem er á næstu dögum, segir Veðurstofa Íslands. Aukin vöktun er í nágrenni Grindavíkur.

Gripið var til rýmingar í Grindavík á þriðjudag, eftir að mælar sem Veðurstofan setti upp á dögnum nærri Grindavík numu gas eða SO2. Þegar Víkurfréttir fóru í prentun um kvöldmat á þriðjudag voru engar vísbendingar um að gos væri að hefjast.

Atburðarás þeirra náttúruhamfara sem nú standa yfir hófst fyrir alvöru um miðjan dag síðasta föstudag. Þá hófst fordæmalaus jarðskjálftahrinna en þar á undan höfðu verið viðvarandi skjálftar í rúman hálfan mánuð.

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Suðurnesjum lýsti yfir hættustigi almanna- varna kl. 17:45 á föstudag vegna ákafar jarðskjálftahrinu sem hafði staðið síðan kl 15:00 þann dag við Sund- hjúkagíga, norðan Grindavíkur. Þau merki sem sást við Sund- hjúkagíga eru sambærileg þeim

sem sást í aðdraganda fyrsta gossins við Fagradalsfjall 2021 og svipar mjög til skjálftavirkinnar sem mældist um mánuði fyrir gos.

Atburðarásin var hröð og síðar á föstudagskvöldinu var lýst yfir neyðarstigi almanna- varna. Þá hafði virkinn fæst suður í átt að Grindavík og líkur á að kviku- gangur hafi teygst sig undir Grinda- víkurbæ. Í ljósi þessarar niðurstöðu lýsti ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Suðurnesjum yfir neyðarstigi almanna- varna og hafin var rýming Grinda- víkurbæjar. Rýmingi bæjarins gekk vel og er því m.a. að þakka að margir bæjarbúar höfðu þegar yfir- gefið bæjarfélagið til að komast í „skjálftafrí“.

Kvikugangurinn sem myndaðist í hamförunum á föstudag nær frá Kálfellsheiði í norðri og liggur rétt vestan Grindavíkur og í sjó fram í



Bjórgerðartækjum bjargað úr húsnæði fyrirtækisins 22.10 við Hafnargötu í Grindavík. Utan við húsnæðið hefur myndast djúp og mikil sprunga. Ljósmynd: Guðmundur Bergkvist Jónsson

suðvestur stefnu. Gangurinn er um 15 km langur og kvikan liggur á um 800 m dýpi þar sem hún er grynnt.

Á laugardegnum hafði dregið mjög úr ákafa jarðskjálftanna en jarðskjálftavirknin hefur síðan þá verið viðvarandi allt frá því á föstudag. Um nýliðna helgi komu afleiðingar skjálftanna einnig fram. Mikið tjón er í Grindavík og hluti byggðarinnar hefur sigið ofan í svokallaðan sigdal á milli gamla sprunga í byggðinni. Sigdalurinn er vel sýnilegur í bæjarfélaginu þar sem stórar sprungur eru víða og stallar í landslaginu. Sigdalurinn er á mikilli hreyfingu og nýjar sprungur eru enn að myndast víða um bæinn.

Lögreglan á Suðurnesjum og Almennavarnadeild Ríkislögreglustjóra hafa leyft íbúum og fyrirtækjaeigendum að fara í leiðangra inn í bæjarfélagið til verðmætubjörgunar. Þess á milli er bæjarfélagið mannaust.

Ljóst er að langt verður þangað til bæjarbúar fái aftur heimild yfirvalda til að snúa til baka til bæjarins. Það var gefið út um helgina að það yrði í fyrsta lagi eftir tvær vikur. Síðan þá hefur komið fram að lengri tími getur liðið. Ef sú atburðarás sem nú er í gangi endar ekki með eldgosi á næstu dögum, þá yrði ekki óhætt að fara aftur í bæjarfélagið fyrr en skjálftahrinn hefur gengið yfir og ástandið talið öruggt.

Það er ljóst að tjónið í Grindavík er gríðarlegt. Mörg hús eru illa farin og sama má segja um innviði. Litlar upplýsingar fást í raun um framhaldið þar sem við erum í dag stödd í miðjum atburði þar sem náttúran er óútreiknanleg.

Ellert Eiríksson látinn

Ellert Eiríksson, fyrrverandi bæjarstjóri Reykjanesbæjar, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 12. nóvember síðastliðinn, 85 ára að aldri.

Ellert var Suðurnesjamaður í húð og hár og fæddist að Járngerðarstöðum í Grindavík árið 1938 en flutti til Keflavíkur þriggja ára gamall. Hann var í fyrsta útskriftarhópnum úr Gagnfræðaskólanum í Keflavík og stundaði síðan ýmis störf. Ellert hóf störf hjá Keflavíkurbæ fjórtán ára gamall sem flokkstjóri í unglíngavinnu yfir sumarið sem þá var starfrækt í fyrsta sinn. Næstu árin stundaði hann fjölbreytt störf sem messa- gutti, kokkur, barþjónn og var lærlingur í slitlagagerð hjá bandarísku verktakafyrirtæki á



Keflavíkurflugvelli. Ellert kom til starfa aftur hjá Keflavíkurbæ á sjöunda áratugnum og varð

yfirverkstjóri hjá Áhaldahúsi bæjarins. Ellert varð snemma pólitískur og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn aðeins tólf ára gamall. Árið 1987 varð hann varamaður til þings.

Ellert varð sveitarstjóri í Gerðahreppi 1982 til 1990 og bæjarstjóri í Keflavík næstu fjögur árin. Ellert varð síðan fyrsti bæjarstjóri sameinaðs sveitarfélags Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna sem fékk nafnið Reykjanesbær árið 1994 og gegndi því starfi til ársins 2002.

Ellert kom að ýmsum öðrum félagsmálum og var félagi í JC Suðurnes og Lionsklúbbi Keflavíkur.

Útför Ellerts verður frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.



Jólaúthlutun – Hjálparstarf

Opið verður fyrir umsóknir hjá Velferðarsjóði Suðurnesja, Líknar- og hjálparsjóði Njarðvíkurkirkna og Hjálparstarfi kirkjunnar sem hér segir:

Keflavíkurkirkja - 21. nóv., 23. nóv., 28. nóv. og 30. nóv. frá kl. 9:00-11:00.
Ytri-Njarðvíkurkirkja - 21. nóv., 22. nóv., 28. nóv. og 29. nóv. frá kl. 9:00-11:00.
Sandgerðiskirkja - 21. nóv frá kl.10:00-12:00 og 27. nóv frá kl.10:00 – 12:00.

Þeir sem hafa fengið greitt inn á kort (blátt Arionbankakort) frá Hjálparstarfi kirkjunnar geta sótt um jólaaðstoðina rafrænt á www.help.is.

Eftir 1. desember er lokað fyrir umsóknir í hjálparstarfinu til 18. janúar 2023.

Þeir sem búa í póstnúmeri 230 sækja um í Keflavíkurkirkju

Þeir sem búa í póstnúmeri 260,262 og 233 sækja um í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Þeir sem búa í póstnúmeri 245 og 250 sækja um í Sandgerðiskirkju

Þeir sem búa í póstnúmeri 190 og 240 hafa samband við presta í sinni sóknarkirkju

Afgreiðsla korta fer fram miðvikudaginn 13. desember í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Tímasetningar úthlutanna berast hverjum og einum í gegnum SMS.

Christmas Allocation – Relief work

Suðurnes Welfare Fund, Njarðvík Churches charity- and relief fund and Icelandic Church Aid (ICA):

Are open for applications:

Keflavík Church - Nov. 21st, Nov. 23th, Nov. 28th and Nov. 30th. From 09:00–11:00.
Ytri-Njarðvík Church - Nov. 21st, Nov. 22nd, Nov. 28th and Nov. 29th. From 09:00–11:00.
Sandgerði Church - Nov. 21st from 10:00–12:00 and Nov. 27th from 10:00–12:00.

Those who have received payments (blue Arion bank card) from the Church aid can apply for Christmas support online at www.help.is

Applications for the Welfare Fund and the Icelandic Church Aid are closed from December 1st. until January 18th, 2022.

Those who live in zip code 230 apply for help in Keflavík Church

Those who live in zip code 260, 262 og 233 apply for help in Ytri-Njarðvík Church

Those who live in zip code 245 and 250 apply for help in Sandgerði Church

Those who live in zip code 190 and 240 can contact the pastors at their local church

Card delivery will take place on December 13th in Ytri-Njarðvíkurkirkja

We will send appointment time to each person via SMS.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, afi og langafi,

GUNNAR HREINDAL PÁLSSON,

lést laugardaginn 28. október að heimili sínu Njarðarvöllum 2. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð sem og starfsfólki Hrafnistu í Reykjanesbæ fyrir umhyggju og umönnun.

Juliana Diaz Rivera

Ingilaug Hreindal Gunnarsdóttir Logi H. Guðmundsson
Anna Hreindal Gunnarsdóttir Sigursteinn V. Magnússon
Páll Hreindal Gunnarsson
Ágústa Guðný Atladóttir Heiðar Halldórsson
Bjarki Þór Atlason Íris Ævarsdóttir
Carlos Diaz, afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpaðir, tengdafaðir og afi,

ELLERT EIRÍKSSON,

fv. bæjarstjóri,
Hjallalaut 11, 230 Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 12. nóvember.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

Guðbjörg Á. Sigurðardóttir

Guðbjörg Ósk Ellertsdóttir

Jóhannes Ellertsson

Elva Ellertsdóttir

Sigurður Ingi Kristófersson

Una Björk Kristófersdóttir

Páll Kristófersson

og barnabörn.

Katrín Guðjónsdóttir

Gústaf A. Skúlason

Hanna María Kristjánsdóttir

Birgir A. Sanders

Dóra Eggertsdóttir



Elsku Sigfús okkar,

SIGFÚS BALDVIN INGVASON,

Fagraragöti 8, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 4. nóvember.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 12.

Athöfninni verður streymt á
<https://www.facebook.com/groups/sigfusbaldvin>

Þeim sem vilja minnast hans er bent á SOS barnaþorpin eða önnur góðgerðarfélag.

Laufey

Birta Rut Tiasha

Hanna Björk Atreye

Ásgerður og Ingvi

Fanney og Halldór

Lilja og Gísli

og aðrir ástvinir.



Otti stígur tímabundið til hliðar

Grindvíkingurinn Otti Rafn Sigmarsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, hefur ákveðið að stiga til hliðar sem formaður félagsins fram yfir áramót til að huga að fjölskyldu sinni á óvissutímum.

Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir, varaformaður, tekur við skyldum formanns félagsins á meðan, til og með 9. janúar 2024.

Otti er virkur félagi í björgunarsveitinni Þorbirni og tók þátt í rýmingaraðgerðunum á föstudagskvöld.

„Þetta er gert með hagsmuni mína og minnar fjölskyldu að leiðarljósi. Slysavarnarfélagið þarf líka að hafa forystuna í lagi,“ segir Otti í samtali við RÚV. Hann segir ákvörðunina hafa verið erfða.



Ljósmynd: Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Sjávarútvegsfyrirtækin í verðmætabjörgun

Eigendur fyrirtækja við höfnina í Grindavík fengu leyfi til að sinna verðmætabjörgun í byrjun vikunnar. Páll H. Pálsson hjá Vísi segir að allt

kapp sé lagt í það að bjarga hráefni og afurðum og tíminn hafi verið vel nýttur. „Við höfum verið á fullu frá því í að tæma kæla og frystigeyslur og fjarlægja það sem nauðsynlegt var.“

Afurðirnar úr fiskvinnslu Vísis fóru til geymslu hjá Eimskip. Við höfum endalausan aðgang að bílum og aðstoð. Sumt fer í vinnslu



annars staðar og annað verður flutt beint út. Þetta skiptir miklu máli og eru stórar tölur,“ sagði Pétur.

Hjá Vísi starfa um 250 manns en fiski-

skip félagsins voru á leið í land. Svipaða sögu er hægt að segja af fleiri fyrirtækjum við Grindavíkurhöfn sem hafa verið að bjarga verðmætum síðustu daga.

Sautján smábátar sem eru í Landssambandi smábátaeigendua, eru gerðir út frá Grindavík. Sigla átti þeim til Sandgerðis.

Rafmagnsleysi og tjón hjá Matorku

Nokkuð tjón varð hjá fiskeldisfyrirtækinu Matorku þegar jarðskjálftarnir riðu yfir á föstudagskvöldið í Grindavík. Skemmdir urðu á fiskikerjum með þeim afleiðingum að vatn lak út og fiskur drapst. Þá fór rafmagn af stöðinni en hún er með vararafstöð sem tók við.

Matorka framleiðir bleikju í eldisstöð sinni og er með tólf stór

eldisker og sex minni. Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns. Árni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri hjá Matorku sagði við Morgunblaðið að það væri áhættusamt að keyra stöðina á varaafli til lengri tíma og þá væru aðstæður erfðar. Áformað hafði verið að slátra fiski á næstu dögum en mikil verðmæti eru í húfi.

Margir leggja hjálparhönd

Landsmenn, bæði einstaklingar og fyrirtæki hafa margir komið Grindvíkingum til hjálpar í ástandinu. Tónlistarkennari í Grindavík var afar þakklátur og sendi eftirfarandi:

„Við erum fjölskylda frá Grindavík. Við yfirgáfum húsið okkar og allar eigur okkar á föstudaginn meðan á rýmingu stóð. Það var tekið vel á móti okkur á Hótel

Berg þar sem við fengum herbergi og morgunmat fyrir okkur og dýrin okkar. Við viljum þakka stjórnendum Bergs innilega fyrir þessa frábæru aðstoð á erfðustu tímum lífs okkar.

Með kveðju,
German Khlopín, tónlistarkennari, og Jekaterina, eiginkona hans.



Með vonina að vopni höldum við áfram

„Með vonina að vopni höldum við áfram og biðjum allar góðar vættir að vaka yfir íbúum Grindavíkur og fallega bæjarfélaginu - við stöndum sterk saman,“ skrifar Helga Dís Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi í Grindavík, á samfélagsmiðla í kjölfar hamfaranna á föstudag og vitnar þar í orð vinkonu sinnar, Ásrúnar Helgu Kristinsdóttur, forseta bæjarstjórnar Grindavíkur. Færsla Helgu Dísar er lýsandi fyrir margar færslur sem Grindvíkingar hafa sett á samfélagsmiðla.

Í færslunni segist hún vilja byrja á að þakka öll skilaboðin sem fjölskyldunni hennar hafa borist. „Ómetanlegt að finna hversu heppin maður er með fólkið í kringum sig.

Orð geta ekki lýst þessu ástandi sem við erum í og að það sé möguleiki á að maður sé kannski að fara missa gríðarstaðinn sinn - heimilið sitt,“ segir hún.

Helgu Dís er þakklæti er efst í huga til allra viðbragðsaðila sem standa vaktina og endar á þessum orðum: „Við fjölskyldan erum öll á öruggum stað.“



Læknatímar og hjúkr-unarmóttaka Grindavíkinga til Reykjanesbæjar

Grindvíkingar athugið. Símanúmer heilsugæslunnar í Grindavík og símanúmer Viðihlíðar flytjast á HSS í Reykjanesbæ tímabundið.

Þeir einstaklingar sem eiga læknatíma og tíma í hjúkr-unarmóttöku á heilsugæslunni í Grindavík geta komið í tímann sinn í Reykjanesbæ, lækni og hjúkrunarfræðingur munu verða staðsettir þar á heilsugæslunni.

Nýjustu fréttir af náttúruhamförum allan sólarhringinn



AÐALFUNDUR MÁNA 2023

Aðalfundur Mána verður haldinn í reiðhöll Mána miðvikudaginn 22. nóvember kl. 20.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Reikningar
3. Kosning stjórnar og nefnda
4. Viðurkenningar
5. Ákvörðun félagsgjalda
6. Lagabreytingar, lagt til breytingu á gr. 6 varðandi að auglýsa aðalfund.
7. Inntaka nýrra félaga
8. Önnur mál

Stjórn Mána



Viðbúnaður!

Mikið hefur mætt á björgunarsveitarfólki síðustu sólarhringa. Fjölmennt lið björgunarfolks fór til Grindavíkur á föstudagskvöld og jafnframt var fjölmennt björgunarlið sem beið átekta við Seltjörn þess sem verða vildi eftir hamfarirnar sem gengu yfir síðdegis síðasta föstudag og á föstudagskvöldinu. Hér er mynd sem var tekið við lokunarpóst á Grindavíkurvegi. Ljósmynd: Slysavarnarfélagið Landsbjörg

LJÓSA HELGI

16. - 19. nóvember

25-40%
AFSLÁTTUR AF
INNI- OG
ÚTILJÓSUM,
JOLALJÓSUM
OG SERIUM*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

*Gildir ekki af perum eða vinnuljósum

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



S R I E G L A G N U R P S T N
 A A T G Ú É G P Ö O V S L Á G
 M T S S D A N B P A T Æ T S B
 S F A H M R T É S Ó R T Æ U R
 T L Ú F K G U A G R Ú T B G A
 A Á M É L U Ó M Ú R V E R K Þ
 Þ J A S J R Ó R U T A N A H R
 A K S T U R B H J A S D H Ú A
 H S A R U L A D G I S I G T G
 Æ Ð A M Ó M S T Æ K K N I P R
 G R F S F Ó D U L U R G R J A
 A A I A R A L M U A K E R K N
 R J R É P Ö M V D A É Ó E G R
 Ú I K A M I L T Ý R A P N A A
 R T Ó R U T T É R A S G H Æ V

- | | |
|-----------------|---------|
| NÁTTÚRUHAMFARIR | RÉTTUR |
| SIGDALUR | DULUR |
| SAMSTAÐA | MÜRVERK |
| JARÐSKJÁLFTAR | TAFL |
| GÆLUDÝR | HNERRI |
| SAUMUR | ENDING |
| SPRUNGA | ARGUR |
| AGNA | RIFA |
| AKSTUR | TÆTA |
| VARNARGARÐAR | TRÚ |

Gangi þér vel!



Æsa styrkti Konukot

Lionsklúbburinn Æsa afhenti nú á dögum Konukoti styrk sem var afrakstur Vinkonukvöldsins í október s.l. Klúbburinn vill þakka öllum þeim konum sem sóttu kvöldið og einnig þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lögðu málefnið lið með fjármagni sem rann óskipt til Konukots.

Grindvísk börn velkomin í skátastarf hjá Heiðabúum

Skátafélagið Heiðabúar vilja bjóða börn úr Grindavík hjartanlega velkomin að koma til sín næstu daga og vikur á skátafundi til að eiga ánægjulegar stundir með jafnöldrum sínum á þessum óvissutímum.

- Fundartímar:
Mánudagar
 Fálkaskátar - (5. til 7. bekkur)
 Klukkan 17:00-18:30
 Rekkaskátar (16-18 ára)
 Klukkan 20:00-21:30
Þriðjudagar
 Drekkaskátar - (2.-4. bekkur)
 Klukkan 17:00-18:30
 Dróttaskátar (8.-10. bekkur)
 Klukkan 20:00-21:30
Miðvikudagar
 Spilakvöld fyrir börn í 8. bekk og eldri kl. 20:00-22:00

Öll hjartanlega velkomin og endilega hafið samband við okkur í gegnum mailið okkar heidabuar1937@gmail.com eða í gegnum Facebook-síðu Heiðabúa ef það eru frekari spurningar!

Kærleikskveðjur, Heiðabúar.

SUÐURNESJA
VF **magasín**
 Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is
 Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir
BÍLAR & PARTAR
 Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu
 Opið: **11-13:30**
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á
vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA
 Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu
HEYRN.IS
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREIÐING // RÁÐGJÓF
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f



Það verður áfram fiskur í sjónum við Suðurnes

Síðasti pistill byrjaði eitthvað á þeim orðum að móðir náttúra sé að láta heldur betur minna á sig. Og já, á heilli viku síðan síðasti pistill kom hafa all svakalegir hlutir gerst. Einn af stærstu sjávarútvegsþæjum landsins, Grindavík, er orðinn tómur.

Ætla nú ekki að fara mikið út í það hvað hefur gerst þarna, fréttamenn Víkurfrétta sjá um þá hlíð, en sjávarútvegslega séð, þegar þessi pistill er skrifaður, er verið að sigla bátum úr höfninni í Grindavík og í nálægðar hafnir. Flestir fara til Sandgerðis, t.d. er björgunarbáturinn Oddur V Gíslason frá Grindavík þar. Research GK kom þangað líka, þessi bátur er glænýr en hefur þó aðeins farið í eina sjóferð. Særós GK og Agla ÁR eru líka komnir til Sandgerðis.

Dúddi Gísla GK er líka kominn til Sandgerðis en þó þessi bátur sé gerður út frá Grindavík, og landi íðulega öllum aflanum sínum þar, er sterkt tenging við Sandgerði út af nafninu Dúddi Gísla GK. Báturinn Dúddi Gísla GK er nefndum eftir fyrrum skipstjóra sem hét Þórhallur Gíslason sem var skipstjóri í ansi mörg ár á bátum frá Sandgerði, til að mynda á Hamri GK 12, Munin GK 342 og Sænni GK 343.

Á árunum 1961 til og með 1965 var Dúddi Gísla aflahæsti skipstjóri í Sandgerði á vetrar-

vertíð öll þessu fimm ár – og árið 1961 veiddi hann 976 tonn í 83 róðrum, allt á línu á Hamar GK og varð þá í öðru sæti yfir allt landið. Einungis Binni á Gullborg VE var aflahærr. Árið 1964 varð Dúddi Gísla í öðru sæti yfir allt landið á Sænni GK og efstur var þá Sigurður Sigurðsson, skipstjóri á Náttfara ÞH, en báðir réru frá Sandgerði. Eftir að skipstjórn lauk hjá Dúdda Gísla var hann hafnarvörður í Sandgerði í tuttugu ár og því má segja að Dúddi Gísla sé kominn heim aftur.

Þegar þessi pistill er skrifaður eru flestir bátanna farnir úr Grindavík og líka Bjarni Þór sem er hafnsögubátur Grindavíkarvínurhafnar, hann er líka kominn til Sandgerðis.

Lítum aðeins á aflatölur. Títtnefndur Dúddi Gísla GK hefur landað sautján tonnum í þremur róðrum í Grindavík og Margrét GK er með 36 tonn í fimm í Sandgerði en þessir tveir eru einu línubátarnir á veiðum við Suðurnesin. Reyndar kom Katrín GK til Sandgerðis.

Úti á landi er Sighvatur GK með 270 tonn í tveimur róðrum á Skagaströnd, Páll Jónsson GK 141 tonn í einum í Grindavík, Fjöltnir GK 111 tonn í einum í Grundarfirði, Óli á Stað GK 74 tonn í níu, Daðey GK 49 tonn í sex, Geirfugl GK 27 tonn í fjórum og Gulltoppur GK 10 tonn í tveimur

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



róðrum, allir á Skagaströnd og Siglufirði.

Þrjár af þessum bátum eru Stakkavíkurbátar og núna mun aflinn frá þeim fara á fiskmarkað því ekki er hægt að vinna fisk í Grindavík út af þessum náttúruhamförum.

Hjá dragnótatúnunum er Benni Sæm GK með 63 tonn í sjö róðrum, Siggí Bjarna GK 55 tonn í sjö og Sigurfar GK með 45 tonn í sjö róðrum, allir í Sandgerði.

Netabátarnir eru einungis þrjár; Friðrik Sigurðsson ÁR með 42 tonn í átta róðrum, Addi Afi GK með ellefu tonn í þremur og Sunna Líf GK sex tonn í fimm, allir að veiða fyrir Hólmgím. Friðrik að landa í Njarðvík hinir landa í Keflavík.

Minni togarnir hafa landað í Þorlákshöfn, t.d. Sturla GK, Áskell ÞH og Vörður ÞH. Pálína Þórunn GK kom með 45 tonn í Sandgerði í einni löndun.

Vægast sagt sem að náttúran er heldur betur að láta til sín taka og enginn veit hvernig þetta endar en eitt er víst, það verður fiskur áfram í sjónum við Suðurnes og því mun útgerð halda áfram frá svæðinu.



Sérfræðingur fjármála og reikningshalds

Samkaup leitar eftir metnaðarfullum og talnaglöggum einstaklingi í stöðu sérfræðings innan fjármála og reikningshalds sem heyrir undir fjármála- og rekstrarsvið félagsins.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á samkaup.is

samkaup

Krossmóa 4, 260 Reykjanesbær
kt. 571298-3769

S: 421-5400

samkaup@samkaup.is

samkaup.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025



JAFNVÆGISVOG
FKA 2021
VIÐURKENNING

Samkaup hafa hlotið Menntasprota atvinnulífsins, Hvatningarverðlaun jafnréttismála og auk þess jafnlaunavottun Jafnréttisstofu. Helstu verslunarkerki Samkaupa eru: Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland. Hjá félaginu starfa um 1.400 starfsmenn í rúmlega 700 stöðugildum.

nettó Iceland

KJÖRBÚÐIN

Krambúðin

Jólasaga í Aðventugarðinum í Frumleikhúsinu

Sígilt jólaævintýri í nútímabúningi



Leikfélag Keflavíkur hóf sýningar á jólasöngleiknum Jólasaga í Aðventugarðinum um síðustu helgi. Verkið byggir á hinni sígildu sögu Jólaævintýri eftir Charles Dickens en hefur verið staðfært að Suðurnesjum og fært nær okkur í tíma.

Við fáum að kynnast hótélstjórnanum Enebeser, eða Ebba eins og hann er kallaður, sem hefur týnt lífsgleðinni í græðgi og nisku. Jólin eru tilgangslaus tímaeyðsla í hans

augum og Ebeneser kys að verja þeim í vinnu eða einn heima hjá sér. Eins og í Jólaævintýri Dickens heimsækja Ebba þrjár andar sem leiða honum fyrir sjónir hversu innihaldslaut líf hans er orðið, hvernig hann hefur kastað á glæ þvi sem skiptir meira máli en peningar. Vinir og ættingjar hafa gefist upp á honum en undir lokin gefst Ebba tækifæri til að breyta um lífsstíl, sem hann gerir. Ebbi endurnýjar kynnin við fjöl-



Falleg minning Ebba úr fortíðinni.



Andarnir voru misskuggalegir.



Tommi litli syngur eins og engill.



Ebbi er harður húsbóndi og krefst þess að það sé unnið á aðfangadag.
VF/JPK

skylduna sína, vinina og ástina sem hann hafði gefið upp á bátinn – og síðast en ekki síst kemst hann í jólaskap.

Þetta er metnaðarfull sýning sem Leikfélag Keflavíkur hefur ráðist í og ætti að koma öllum í jólaskap. Undirritaður sá sýninguna ásamt tólf ára syni sínum og skemmtu báðir sér konunglega, Jólasaga í Aðventugarðinum er sýning fyrir alla aldurshópa, unga sem aldna.

Skemmtileg jólalög, dans, glens og gaman grípur áhorfandann og heldur athygli hans allan tímann – allt sem þarf til að skapa eftirminnilega leikhúsminningu.

Það kemur manni sífellt á óvart hvað lítið leikfélag getur gert magnaða hluti. Leikstjórinn Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson hefur náð því besta fram hjá öllum sem koma að verkinu. Leikararnir skila sínum hlutverkum vel til áhorfenda en stærsti hluti leikhópsins er skipaður krökkum á grunnskólaaldri sem komast frábærlega frá



Sýningarstjórinn Guðný Kristjánsdóttir skálaði kát í kaffi.

sínum hlutverkum og krakkar úr barnakórnum Regnbogaröddum setja yndislegan svip á sýninguna.

Takk fyrir mig Leikfélag Keflavíkur,
Jóhann Páll Kristbjörnsson.



Regnbogaraddir settu svip á sýninguna.



Þessar tvær biðu spennar eftir frumsýningunni.



Sýningargestir hópuðust á sviðið eftir frumsýninguna og samglöddust leikurunum.



Aðstandendum sýningarinnar var klappað lof í lófa að lokinni frumsýningunni.



Karlakór Keflavíkur á sviðinu í Stapa íklæddir búningum frá hinum ýmsu tímabilum í sögu kórsins.

SÍUNGUR SJÖTUGUR KARLAKÓR KEFLAVÍKUR

Sjötugur Karlakór Keflavíkur bauð upp á afmælistónleika í Hljómahöll síðasta laugardag. Mikið var um dýrðir á þessu stórafmæli kórsins sem hafði æft vel afmælistónleikadagskrá sem hófst á laginu Suðurnesjamenn og er óhætt að segja að það hafi verið við hæfi. Nærri fjögur hundruð manns mættu þrúðbúnir á tónleikana og nutu skemmtilegrar dagskrár sem var ekki bara söngur heldur líka sögustund sem Hjálmar Árnason, fyrrverandi þingmaður og skólameistari, sá um. Saga kórsins er stórmerkileg.



Eftir upphafslagið Suðurnesjamenn stóð elsti félagi kórsins, Valgeir Þorláksson, fram og söng einsöng, lagið Ég bið að heilsa. Valgeir bakaði brauð og kökur í samnefndu bakaríi í Njarðvík í um fimmtíu ár. Nú er Valli bakaríi í framhaldsnámi í söng í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og því hvergi nærri hættur. Í næsta einsöngslagi þandi Haraldur Helgason, annar Njarðvíkingur, röddina en hann er menntaður matreiðslumaður. Kökkur og bakaríi gáfu því tóninn í upphafi skemmtilegra tónleika þar sem sungin voru á þriðja tug laga, þekkt karlakórslög en líka popplög eftir kunna tónlistarmenn og að sjálfsgöðu eftir Hljóma úr Keflavík. Það var ljúft að heyra afmælisbarnið, þrjátíu söngvara á sviði Stapan, syngja lög eins og Íslenskir karlmenn eftir Stuðmenn,

Söknuð eftir Vilhjálm Vilhjálmsson og Bláu augun þín eftir Hljóma, bara svo tekin séu örfá dæmi úr söngdagskrá. Karlakórinn hefur á langri ævi verið með marga stjórnendur. Sá fyrsti var Guðmundur Norðdahl en núverandi stjórnandi er Keflvík-ingurinn Jóhann Smári Sævarsson en hann er þekktur óperusöngvari og bassi og starfaði í mörg ár sem atvinnusöngvari erlendis. Hann hefur undanfarin ár verið á heimaslóðum og staðið fyrir mörgum tónleikum og söngleikjum. Jóhann Smári hefur stýrt Karlakór Keflavíkur frá árinu 2017. Sonur hans, Sævar Helgi, var hljómsveitarstjóri á tónleikunum og píanóundirleikari en amma hans, móðir Jóhannans Smára, Ragnheiður Skúladóttir, var undirleikari kórsins í um fjörutíu ár.

Eftir hlé á tónleikunum var bryddað upp á búningasýningu en kórinn hefur í gegnum tíðina verið duglegur við að skipta um fatnað. Fjórir litir koma við sögu í búningavali kórsins; blár, rauður, grænn og svartur. Kórfélagar sýndu allar gerðir og komu í þeim inn á sviðið sem áhorfendur kunnu vel að meta. Hjálmar sögumaður sagði frá þróuninni í búningum og gestir höfðu gaman af.

Kórinn hefur á löngum ferli haldið fjölda tónleika, farið í

margar tónleikaferðir en eitt stærsta verkefni hans var bygging félagsheimilis að Vesturbraut 17 í Keflavík. Fyrsta skóflustunga að félagsheimilinu var tekin 27. maí 1976. Kórinn gaf síðan Keflavíkurbæ neðri hæð hússins árið 1983. Kórfélagar byggðu húsið í sjálfboðavinnu og áður en yfir lauk voru vinnustundir þeirra fjörutíu þúsund. Kórinn á ennþá efri hæð hússins þar sem hann æfir en húsnaðið hefur einnig verið leigt út.

Afmælistónleikunum lauk með einu mest sungna lagi á Íslandi undanfarin ár, Ferðalok, Ég er kominn heim. Gestir tóku vel undir og sungu með kór og hljómsveit. Góður endir á frábærum tónleikum.

Til hamingju Karlakór Keflavíkur og takk fyrir ykkar framlag í söng og menningu Suðurnesja.

Páll Ketilsson.

Árshátíð Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldin 25. nóvember næstkomandi að Nesvöllum.

Húsið opnar kl. 18.00. Borðhald hefst kl. 19.00

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS.

Veislustjóri: Kristján Jóhannsson blaðburðadregur.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og sívinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsík.

Trúbador: Þorvarður Ólafsson snillingur.

Aðgöngumiði: Verð kr. 8.000 á mann.

Gildir sem happadrættismiði og er innifalinn í miðaverði.

Matur: Glæsilegur þriggja rétta kvöldverður frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 15. og 16. nóvember frá kl. 12.00 til 16.00

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum.

Björg Ólafsdóttir: 865-9897

Kristján Gíslason: 898-6354

Baldvin Elís: 662-3333





Menningarstarfsemi í gamla hersjúkrahúsið

Tímamót hafa orðið í sögu safnastarfs í Reykjanesbæ en gamla hersjúkrahúsið á Ásbrú mun taka við sem varðveisluhúsnæði skrifstofur byggðasafnsins og listasafnsins. Reykjanesbær flytur alla safnastarfsemi úr Ramma húsinu á Fitjum í Njarðvík.



REYKJANESBÆR

Páll Ketilsson
pket@vf.is



Fasteigna- og þróunarfyrirtækið Bjartavík hefur keypt Rammahúsið og samningur fyrirtækisins við Reykjanesbæ hljóðar upp á að það fullklári gamla hersjúkrahúsið undir starfsemi sem þar á að vera en húsið er fjögur þúsund fermetrar að flatarmáli. Reykjanesbær mun síðan leigja húsnæðið.

Umbylting á aðstöðu

„Þetta mun umbylta aðstöðu safnanna til hins betra. Þegar búið verður að innrétta húsið verður hér nútímaleg og fagleg aðstaða til að varðveita, vinna með og rannsaka safnkostinn. Eitt af því mikilvægast sem hér mun nást fram er að safngripum verður skipað í mismunandi rými og þeir varðveittir við aðstæður sem henta hverjum gripaflokki. Og það skiptir máli. Það er nefnilega svo að safnkostur þessara tveggja safna er einstakur. Listasafnið varðveitir ýmis meistaraverk íslenskrar listasögu, m.a. verk eftir Kjarval og Gunnlaug Blöndal, en ekki síður framlög Suðurnesjanna til myndlistararfsins,“ segir



Gamla hersjúkrahúsið á Ásbrú sem fær nú nýtt hlutverk. VF/Hilmar Bragi



Eva Kristín Dal, safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Hún segir að í byggðasafninu séu margir sérstæðir gripir sem ekki eru til annars staðar. Þar má til dæmis nefna fánann sem flaggað var við stofnun lýðveldisins á Þingvöllum árið 1944 og var eftir það dreginn að húni í skrudgárdinum í Keflavík um áratuga skeið. „Munirnir í eigu safnsins bera vitni um menningarsögu svæðisins, sérkenni þess en líka líf og störf íbúa. Ljósmyndasafnið er sömu leiðis mjög stórt og hefur að geyma einstakar myndir alveg frá þeim tíma sem ljósmyndateknin var að ryðja

sér rúms um miðja 19. öld og allt fram á okkar dag.“

Mikils virði fyrir samfélagið

Eva Kristín segir að góð varðveislug og vinnuástanda geri söfnunum kleift að styrkja grunnstarfsemi sína en hún sé lykillinn að því að hægt sé að miðla því sem þau hafa að geyma til almennings – og í þágu almennings. „Óflug söfn hafa að geyma mikið virði fyrir samfélagið – bæði tengt atvinnu en einnig vellíðan. Byggðasafnið og listasafnið eru þar engin undantekning og við Helga, forstöðukona Listasafnsins, erum einbeittar í því verkefni að leysa þetta virði úr læðingi. Bætt vinnuástanda opnar einnig á ýmis tækifæri varðandi samstarf fyrir söfnin, bæði inn á við og út á við. Og þó söfnin hafi stærsta hluta rýmingsins á sinni forsjá munu ýmsar stofnanir og aðilar innan Reykjanesbæjar einnig njóta góðs af og hafa hér geymslurými fyrir sína starfsemi.“

Eva Kristín segir að flutningur safnanna í annað mun hentugra húsnæði sé mjög merkilegur, spennandi tímar séu framundan



Svona var umhofs í gamla hersjúkrahúsinu á Ásbrú í nóvember 2008. VF/Hilmar Bragi

á Ásbrú og mikil uppbygging í vendum. „Það er gaman að vera hluti af þessari þróun og að fá tækifæri til að vera með menningartengda starfsemi hér í hjarta hverfisins en þess má geta að húsið verður búið þannig að möguleiki

er á að hafa þar sýningarsal. Ég hlakka til að fylgjast með þróuninni næstu ár og vona að söfnin verði innblástur fyrir fleiri stofnanir og fyrirtæki til að líta á svæðið sem áhugaverðan kost fyrir sína starfsemi,“ sagði Eva Kristín Dal.

Breytingar á Aðalskipulagi í Reykjanesbæ



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 17. október 2023 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að stækka landnotkunarreit M12 Aðaltorg til norðurs og austurs um 4,25 ha. Fyrirhuguð stækkun tekur til skipulagssvæða M12 og OP9 norðan Aðalgötu, austan við Reykjanesbraut og vestan við Heiðarskólahverfi (ÍB1). Farið verður inn á opið svæði OP9 um 4,25 ha.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær 22. nóvember 2023



Frá undirritun samninga milli Reykjanesbæjar og Björtuvíkur um leigu á húsnæðinu til næstu 25 ára. VF/Hilmar Bragi



FLÝR HEIMILIÐ ÖÐRU SINNI

Grindvískur Bolvíkingur fer oft með æðruleysisbænina

„Ég þurfti einu sinni að flýja heimili mitt en lít svo á að ég sé bara að flýja tímabundið núna.“ segir Magnús Már Jakobsson, Öryggis- og mannaútsjóri útgerðarfyrirtækisins Þorbjarnar í Grindavík en hann hefur haft í nógu að snúast undanfarnar vikur síðan síðasta skjálftavirkni byrjaði. Ekki nóg með að Magnús sé aðstoða starfsfólk Þorbjarnar við að finna nýtt húsaskjól, hann er að flýja eigið heimili í annað sinn á ævinni en hann er frá Bolungarvík og ákvað að segja skilið við heimabæinn á sínum tíma þegar tvö snjóflóð léku nágrannabæi mjög illa með með miklum mannskaða.

Magnús er orðinn jafn mikill ef ekki meiri Grindvíkingur en Bolvíkingur í dag. „Ég er alltaf að reyna verða Grindvíkingur en á ekki nógu marga ættliði en að öllu gríni slepptu, Grindavík á mjög stóran sess í mínu hjarta og mun alltaf gera. Á erfiðum tímum sem þessum sé ég ennþá betur hvað mér finnst mikið til Grindvíkinga koma, það er ótrúlegt að sjá hvað við stöndum þétt saman. Ég kom til Grindavíkur á sínum tíma til að flýja náttúruhamfarirnar fyrir vestan og allan tímann hefur mér verið mjög vel tekið í Grindavík og ég hef lagt mig fram við að verða eins mikill Grindvíkingur og ég get. Mér finnst stórkostlegt að sjá samtakamáttinn sem býr í samfélaginu, það sá ég í raun þegar ég starfaði fyrir sunddeildina, þá stóð ég oft fyrir maraþonsund og kenndi þá börnunum samkennd og það gekk ótrúlega vel. Við erum kannski öfgafólk, við getum rifist eins og hundur og köttur en um leið og einhver verður fyrir áfalli, erum við öll mætt með hjálparhönd. Grindavík er eitthvað annað í mínum huga.“



Magnús tók nýlega við sem Öryggis- og mannaútsjóri hjá Þorbjarnar og fékk eitt stykki heljarinnar verkefni í hendurnar. „Við höfum undirbúið verstu sviðsmyndina undanfarnar þrjár vikur, þ.e. að ef heita vatns- og rafmagnslaust yrði til Grindavíkur. Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri sagði mér að ég ætti bara að einbeita mér að mannaúðnum, það væri aðalatriðið og allt annað myndum við skoða seinna. Það gekk ótrúlega

vel að koma öllu starfsfólkinu sem býr í verbúðinni en þau eru langflest af erlendu bergi brotin, út af verbúðinni. Þegar ég mætti um áttaleytið á föstudagskvöld voru allir komnir í bíla og í leið í öruggt skjól. Bæði eiga þau ættingja og vini og gátu leitað þangað en sumir þurftu að leita til fjöldahjálparstöðva í Keflavík og á Selfossi, ég veit ekki til þess að neinn hafi farið í Kópavog. Ég kíkta á starfsfólkið okkar á Selfossi á laugardaginn og það var magnað að finna fyrir kærleikum hjá öllum sem þar störfuðu. Fyrirtækin voru búin að bjóða flóttafólkinu í mat, það er magnað að finna fyrir þessum samhengi.

Ég og fjölskyldan höfum verið í bústað við Apavatn en svo fékk ég símhringingu frá frænda mínum sem bauð mér húsið sitt og allt sem því fylgir. Enn og aftur fellði ég tár, ég er búinn að missa tölu á þeim fjölda símhringinga og boða um húsaskjól og aðstoð, manni þykir ofboðslega vænt um þetta. Ég fer oft með Æðruleysisbænina og trú þvi að þessi samtakamáttur íslensku þjóðarinnar og samhugur okkar Grindvíkinga, muni sigr þessa baráttu og trú þvi að ég muni flytja aftur á Heiðarhraun 9 í Grindavík þegar þessu lýkur,“ sagði Magnús Már að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Jóla „pop up“ markaður færður í ljósi aðstæðna

Í ljósi aðstæðna verður ekki hægt að halda Jóla „pop up“ markað í Gjúni í Grindavík eins og til stóð um næstu helgi. Þess í stað verður markaðurinn haldinn í safnaðarheimili Innri-Njarðvíkurkirkju að Njarðvíkurbraut í Reykjanesbæ um komandi helgi, opnunartími er 12–17 laugardag og sunnudag. Heitt kaffi og konfekt verður á boðstólum og er Suðurnesjafólk hvatt til að mæta.

Um síðustu helgi var Jóla „pop up“ markaður í Samkomuhúsinu í Sandgerði þar sem fjöldi aðila og fyrirtækja voru með vörur og þjónustu á boðstólum eins og meðfylgjandi myndir sýna.



Fuglarnir í garðinum og fóðrun þeirra

Þann 15. nóvember kl. 19:30 munu þeir félagar Guðmundur Falk Jóhannesson, fuglaljósmyndari, og Hannes Þór Hafsteinsson, garðyrkjufæðingur, fjalla um fuglana í garðinum og leiðir til að laða þá til sín með fóðurgjöf. Viðburðurinn er á Bókasafni Reykjanesbæjar.

Guðmundur Falk og Hannes Þór eru landsþekktir fuglaáhugamenn og ferðast landshornanna á milli til að skoða og ljósmynda sjaldgæfar

tegundir fugla sem hrekjast til landsins undan haustlægðunum og í lengjast hér í skemmri eða lengri tíma.

Þeir hafa staðið fyrir fóðrun og merkingu fugla í Selbrekkuskógi og eru hafsþjór af þekkingu um fugla almennt.

Fræðslufundurinn er á vegum Garðyrkjufélags Suðurnesja í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar. Viðburðurinn er ókeypis og öll hjartanlega velkomin.



Ljósmynd: Gunnar Þór Hallgrímsson

Klaufi sem ætlar að standa sig vel í lífinu

Matthildur Emma er sautján ára og hefur skuggaleg áhugamál eins og heimildarmyndum um raðmorðingja. Henni finnst félagslífið í FS geggjað og gengur á félagsvísindabraut skólans. Matthildur Emma er FS-ingur vikunnar.

Hvers saknar þú mest við grunnskóla?
Ég sakna mest gamla bekkisins míns og kennaranna.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í FS?
Stutt að heiman og heyrði bara að hann væri geggjaður skóli.

Hver er helsti kosturinn við FS? Félagslífið.

Hvað finnst þér um félagslífið í skólanum?
Mér finnst það bara geggjað.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Ég hef ekki hugmynd en ég held að ég þurfi að segja Róbert sem er í hljómsveitinni Nostalgiu því hann er geggjaður söngvari.

Hver er fyndnastur í skólanum? Eva María og Ragna María, þær eru fyndnastar.

Hvað hræðist þú mest?
Allar pöddur og flugur.

Hvað er heitt og hvað er kalt þessa stundina? Heitt: Uggs. Kalt: Hvítir Airforce.

Hvert er upphaldslagið þitt? Á svo mörg en það fyrsta sem kemur í huga er Rómeo og Júlía með Bubba.

Hver er þinn helsti kostur? Held að minn helsti kostur sé að ég er mjög góð í því að hlusta á fólk.



FS-ingur vikunnar

FS-ingur vikunnar:

Nafn: Matthildur Emma Sigurðardóttir.

Aldur: 17 ára (fædd 2006.)

Námsbraut: Félagsvísindabraut.

Áhugamál: Söngur og að horfa á heimildarmyndir um raðmorðingja og fleira spennandi.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Instagram, Snapchat og Facebook.

Hver er stefnan fyrir framtíðina?
Klára framhaldsskóla og fara í háskóla í réttarsálfræði. Reyna svo að ferðast eins mikið og ég get.

Hver er þinn stærsti draumur?
Að geta ferðast um allan heiminn og standa mig vel í lífinu.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það og af hverju? Klaufi.

Finnst skemmtilegast í íþróttum

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Guðmundur Óskar Eliasson.

Aldur: 15 ára.

Bekkur og skóli: Sandgerðisskóli og 10. bekk.

Áhugamál: Fótbolti og allt sem tengist honum

Guðmundur Óskar er fimmtán ára nemandi í Sandgerðis-skóla sem hefur mikinn áhuga á íþróttum, sérstaklega fótbolta. Hann stefnir á íþróttabraut til að verða þjálfari í framtíðinni. Guðmundur Óskar er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Íþróttir.

pumpu og fót út af því að ég þarf að hafa eitthvað að gera.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Gunnlaugur Yngvi út af fótboltanum.

Hver er þinn helsti kostur? Ég verð sjaldan veikur.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Ég man ekki eftir neinni.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Teleportation.

Hver er fyndnastur í skólanum? Ástmar, hann er meistari.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Gáfur.

Hvert er upphaldslagið þitt? Bakka ekki út af Aron can.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Öruglega bara íþróttabraut til þess að verða þjálfari.

Hver er upphaldsmaturinn þinn? Pizza.

Hver er upphaldsbiómyndin þín? Goal.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)? Ég efi fótbolta og handbolta.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Bolta, bolta-

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Skritinn.

Ungmenni vikunnar

„Ég er nýbúinn að skrifa bók sem ég nefni Grindavíkurbólus,“ segir Aðalgeir Jóhannsson eða Alli á Eyri eins og hann er oft kallaður. Hann er hálfur Færeyingur, bjó ungur þar um tíma en hefur þar fyrir utan alltaf búið í Grindavík. Hugur hans til atvinnu snerist fljótt til netagerðar og eftir að hafa stofnað og rekið netagerðarfyrirtæki til langs tíma með Kristni bróður sínum, bættist við þann rekstur í húsnæðinu þar sem netagerðin var og til varð kaffihúsið Bryggjan. Hróður þess jókst hratt og áður en varði gerðu spænskir kvikmyndagerðarmenn heimildarmyndina Lobster soup og um svipað leyti sýndu viðskiptamenn staðnum áhuga og keyptu af bræðrunum. Alli er einkar listrænn, er mikill sögumaður, semur ljóð, spilar á gítar og síðast en ekki síst er hann meistaraþenni og er að gefa út sína fyrstu bók. Sigurbjörn Daði, blaðamaður VF hitti Alla rétt áður en allt fór á hvolf eftir jarðskjálfta í Grindavík.



Listrænn netagerðarmaður sem gefur út bók fyrir jólin

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Lífið í Grindavík og Færeyjum var áhyggjulítið hjá Alla þegar hann var gutti. „Ég fæddist árið 1950 á Valdastöðum í Grindavík en það er einn af bæjunum sem voru á Járngerðarstöðum. Pabbi var Færeyingur og eftir að Grindavíkingur fórst árið 1952, ákváðu foreldrar mínir að flytja til Færeyja og þar bjó ég til ársins 1955 þegar við fluttum aftur til Grindavíkur. Í minningunni voru þetta frábær ár í Færeyjum, það voru kappróðrabátar út um allt, frelsið var mikið og yfir höfuð frábært að vera þar. Þegar ég flutti aftur til Grindavíkur eignaðist ég strax góða vini, Víkurbræður eins og ég kalla þá en bærinn þeirra hét Vík og var nálægt æskuheimili mínu. Ég eyddi miklum tíma þar og man að gengið var inn á heimilið niðri og þau bjuggu á efri hæðinni en á þeirri neðri var fjós, þar voru nokkrar beljur. Eftir að við fluttum aftur heim talaði ég reiprennandi færeysku og mér er minnisstætt eitt sinn þegar ég kom á matmálistíma hjá þeim, Láki pabbi þeirra spurði: „Hvað segirðu nú gamli?“ eins og var vinsæl kveðja í Færeyjum og ég svaraði á færeysku; „þúra onki“ sem þýðir „nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut“ og það sprungu allir úr hlátri! Kjöt-súpan frussaðist svoléiðis út úr þeim á hvort annað, þetta er mér ljóslifandi minning. Við lékum okkur mikið í fótbolta og ég gekk í grunnskóla Grindavíkur og fór svo í Héraðsskólann á Laugarvatni og útskrifaðist þaðan sem gagnfræðingur. Þegar ég var tólf ára gamall fékk ég símhringingu frá Hjalta Magnússyni sem var netagerðarmaður, líklega vissi hann hve pabbi minn var flinkur að fella reknet og hann réði mig í vinnu og ég var fljótur að komast upp á lagið með að fella netin. Ég var mættur eftir skóla og gekk vel og eftir þrjú mánuði hjá Hjalta fékk ég aðra símhringingu, nú frá Jóni Leóssyni sem rak líka netagerð og ég lærði iðnina hjá honum. Ég fór í Iðnskólann í Keflavík til að læra bóklega hlutann og endaði á að verða netagerðarmeistari. Ég vann á sumrin og haustin hjá Jóni en árið 1969, þá orðinn



nítján ára gamall, bauðst mér að fara á sjóinn og ég réði mig hjá Sveini Ísakssyni á Hrafnri þriðja á haustsild. Um áramótin fékk ég svo símhringingu frá Dagbjarti Einarssyni í Fiskanesi sem bað mig um að sjá um að fella netin á Geirfugli sem var fyrsti báturinn sem Fiskanes átti og Drífu sem Dagbjartur var skipstjóri á þá. Geirfuglinn var aflahæstur í Grindavík þessa vertíð og nóg að gera hjá mér. Eftir vertíðina réði ég mig á Netaverkstæði Sudurnesja og var þar næstu árin á meðan ég kláraði námið í Iðnskólanum og var á sjónum á returna.

Einhýlishús eftir sjómennsku

Eftir eina vertíðina átti sjómansferlinum að vera lokið og ég vildi einbeita mér að fótboltanum þá sumarið en þá hafði Ólafur Finnbogason skipstjóri, samband við mig og bauð mér að koma með sér í Norðursjóinn á Grímseying. Það hafði ekki gengið nógu vel hjá skipinu, þeir rifu nótna aftur og aftur og Ólafur sem átti að leysa skipstjórnann af, vildi fá mig með vegna kunnáttu minnar varðandi nætur. Þetta átti að vera í einn mánuð en þeir urðu fleiri og ég kom svo heim og kláraði skólann fram að jólum. Eftir áramót réði ég mig svo aftur til Sveins Ísaks, nú á Hrafn Sveinbjarnarson og við fórum á loðnuveiðar. Við mokfiskuðum, ég þénaði vel og gat nánast keypt einhýlishúsið mitt fyrir hýruna. Þegar ég kom svo í land, aðstoðaði ég skipverjana á Kára við að grynna loðnunót og svo upphófst næsti kafli í mínu lífi.“

”

Eftir á að hyggja var þetta yfirgengileg bjartsýni en okkur tókst þetta samt og eftir þessu var tekið.

Netagerðin Möskvi

Alli vildi fara út í sjálfstæðan rekstur og ákváðu hann og Kristinn bróðir hans að stofna netagerð í Grindavík árið 1974. Þeir byrjuðu á að fella reknet og nutu fulltyngis föður síns sem var einkar laginn við það. Fljótlega settu þeir upp kraftblökk til að geta tekið við nótum og gerðu t.d. við síldarnót sem var hífð á vörubíl og svo inn í það litla húsnæði sem þeir voru með.

„Eftir á að hyggja var þetta yfirgengileg bjartsýni en okkur

tókst þetta samt og eftir þessu var tekið. Forstjóri Fiskimjöls og Lýsis hafði samband við okkur og bauð okkur húsnæðið sem nú hýsir fornbílasafn Hermanns Ólafssonar í Stakkavík. Þegar gaus í Vestmannaeyjum ætlaði netagerðin Ingólfur sem var þar, að færa starfsemi sína til Grindavíkur og var fyrirtækið komið með lóð við bryggjuna. Eldgosið stöðvaðist svo um sumarið og fyrirætlunir fyrirtækisins breyttust og þá bauðst okkur að byggja nýtt húsnæði undir netagerðina. Búið var að teikna og fá öll tilskilin leyfi en við breyttum teikningunum, við vildum hafa mun hærra til lofts og það reyndist góð ákvörðun. Framkvæmdir hófust vorið 1979 og við hófum starfsemi fjórtán mánuðum seinna. Þetta var mjög hentugt netaverkstæði, við gátum tekið nætur beint inn frá skipunum og sett niður um göt í gólfinu og geymt og við uxum mikið næstu árin, þegar mest var vorum við með hátt í 30 manns í vinnu. Næturnar voru okkar helstu tekjulind en við unnum líka í trollum og felldum net, það var nóg að gera en eftir tvö ár varð aflabrestur í loðnunni og það var kjaftshögg en við héldum þó velli. Fiskveiðistjórnunin breytti veiðiskapnum síðan mikið, þá hættu nótaveiðar að mestu og þar með minnkuðu okkar umsvif umtalsvert en þá var gott að geta sett egg í aðra körfu og næsti kafli hófst,“ segir Alli.

Bryggjan

Alli man ekki hver átti hugmyndina að stofnun kaffihúss á neðstu hæðinni en áður fyrr var

rekin þar sjoppa og undir það síðasta höfðu vírar verið splæstir á hæðinni. Það virtist ekki ætla takast að fá tilskilin leyfi til rekstrarins. „Við þurftum að taka glímu við manninn sem sá um að veita okkur leyfið en hann var alveg að gera okkur brjáláða. Það bættust alltaf við kröfur og við héldum um tíma að okkur tækist þetta ekki en svo þegar allt var komið í höfn, spurði hann okkur hvað staðurinn ætti að heita. Við vildum vera menningarlegir, staðurinn átti að heita Iðunn svarta en hún var dóttir landnámsmannsins Moldar-Gnúps. Karlinn sagði að það kæmi ekki til greina, staðurinn gæti ekki heitið neitt nema Bryggjan og það var úr. Við fengum leyfi til að reka kaffihús en vissum ekki almennilega hvað við ætluðum okkur að gera. Ég kíkti í heimsókn til Geira Doddu [Sigurgeir Sigurgeirsson] sem er kokkur og hann tókst á loft, hvatti okkur til dáða, sagðist hjálpa til og gaf okkur uppskrift af frábærri humarsúpu og eldaði fyrir okkur, hún reyndist verða flaggskipið okkar. Fólk gat gefið staðnum einkunn inni á tripadvisor og fljótleiga fór að bera á heimsóknum erlendra ferðamanna á morgnana en þetta er eftir Eyjafjallagosið, þó jókst straumur erlendra ferðamanna til Íslands mikið. Við vorum auðvitað áfram að reka netaverkstæði þar sem vinna hófst kl. sjö á morgnana og Krilli bróðir helli þá upp á kaffi og opnaði kaffihúsið. Gömlu karlarnir sem voru hættir að vinna fóru fljótt að kíkja í heimsókn og mér er mjög minnisstætt einn morguninn þegar rúta stoppaði fyrir utan og staðurinn fylltist af Ameríkönnum. Bibí konan mín [Sigurbjörg Róbertsdóttir] bakaði allt og smurði brauð, hún er snillingur í því og þetta kunnu ferðamennirnir að meta og hægt og örugglega jókst hróður okkar og áður en varði leið varla dagur án þess að rúta stöðvaðist fyrir framan Bryggjuna á morgnana með nýlenta ferðamenn. Svona gekk þetta næstu árin og okkur óx fiskur um hrygg. Við reyndum allan tímann að vera duglegir að bjóða upp á listviðburði, hvort sem var tónleikar, ljóðalestur, bókalestur eða eitthvað annað og var altalað af tónlistarfólki hversu gott það þótti að halda tónleika á Bryggjunni. Staðurinn er mjög lítill og þá verður þrengra og það sannaðist þarna að þröngt máttu sáttr sitja,





Kristinn Jónsson, bróðir Alla, á neðri hæð Bryggjunnar.

nándin á milli tónlistarfólksins og áheyrenda varð mjög mikil svo rafmögnuð stemning skapaðist oft. Annað sem naut mikilla vinsælda var Milliliðalaust, þá fengum við einhvern til að koma og ræða málefni líðandi stundar, fengum þingmenn, knattspyrnuþjálfara eins og Guðjón Þórðarson og fleiri.“

Lobster soup og listamaðurinn Alli

Þegar bræðurnir voru búnir að reka Bryggjuna í nokkur ár og hróður staðarins jókst, kom spænskur kvikmyndagerðarmaður í heimsókn og heillaðist af staðnum og stemningunni sem þar myndaðist. Hann fór heim en kom svo til baka með fleiri kvikmyndgerðarmenn með sér og til varð heimildarmyndin Lobster soup. Það var ekki síst hið listræna eðli bræðranna sem heillaði Spánverjana og nokkru síðar urðu breytingar á högum bræðranna. „Ég skráði mig í nám í Tækniskóla Íslands fyrir nokkrum árum og í einu faginu átti ég að skila ritgerð og kennarinn var hrifinn og hvatti mig til að skrifa meira. Þetta hreyfði við mér en um svipað leyti hafði ég byrjað að lesa upp úr bókum fyrir gesti Bryggjunnar og þetta fór að verða hluti af dagskránni. Við bræður tókum á móti ferðamönnum, sögðum þeim sögur af grindvísku sjólífi og fleiru og oft tók ég mér bók í hönd og las fyrir gesti. Við bræður vorum líka í sönghópi sem við kölluðum Stigamenn, þar spilaði ég á gítar og Krilli, Eiríkur Dagbjartsson og Agnar Steinarsson sungu þríraddað, ég hafði ofboðslega gaman af þessu. Ég mætti sennilega á flesta þá viðburði sem Bryggjan stóð fyrir á Bryggjunni, ég hafði mjög gaman af þeim öllum. Þegar vinnsla við heimildamyndina var í miðjum klíðum kom óvænt upp áhugi viðskiptamanna frá Reykjavík. Þeir sýndu áhuga á að kaupa reksturinn og allt húsnæðið og úr varð að við

bræður ákváðum að selja en svo urðu breytingar má segja, nýju eigendurnir spurðu okkur hvort við vildum ekki halda hluta af húsnæðinu uppi eftir fyrir netagerðina og það var ákveðið. Þarna er í raun verið að slá tvær flugur í einu höggi, útlendingarnir dýrka að geta horft í gegnum glerið á netagerðarmennina vinna en veitingasalurinn uppi er einkar vel heppnaður að mínu mati. Mér er minnststætt þegar fyrstu tónleikarnir voru haldnir uppi fyrir sjómannahelgina 2019, sólin skein skært inn um gluggana og ég varð hálfmeyr, bæði átti ég ekki lengur þennan stað sem hafði verið lifibrauð mitt til margra ára en svo var ég líka svo stoltur af þessum glæsilega stað. Mér líst mjög vel á þessa nýju eigendur, þeir eiga eftir að gera frábæra hluti með Bryggjuna en ég tel að Grindavík eigi mjög mikið inni sem ferðamannastaður. Bryggjan á bara eftir að vaxa og dafna og ég hlakka til að eyða tíma þar í framtíðinni. Ég hef verið nýjum eigendum innan handar með ýmislegt, hef tekið að mér að vera leiðsögumaður fyrir túristana en svo ætla ég bara að einbeita mér að því að njóta heldri áranna. Ég er nýbúinn að skrifa bók sem verður í komandi jólabókafloði, ég nefndi hana Grindavíkurbólus. Þetta eru sögur úr Grindavík og af Grindvíkingum. Hver veit nema ég eigi eftir að skrifa fleiri bækur en svo ætla ég að halda áfram að lesa fyrir gamla fólkið í Víðihlíð en þar er ég alla miðvikudagsmorgna og svo mæti ég líka í Kvíkuna á föstudögum og les þar líka. Ég ætla mér að njóta heldri áranna og hlakka til að eyða tíma með konunni minni og sonunum tveimur, þeim Jóhanni og Heidari,“ sagði Alli að lokum.

Viðtalið var tekið áður en jarðhræringarnar fóru yfir á nýtt stig föstudaginn 10. nóvember og settu framtíð Grindavíkur í óvissu.



Humarsúpan á Bryggjunni varð svo vinsæl að gerð var heimildarmyndin Lobster Soup.

Linda í Palóma veit ekki hvort, hvar eða hvenær hún geti opnað búðina

„Ég veit ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér, ég gat sótt skartið í búðina í gær [mánudag] en veit ekki hvort ég get sótt fötin, ég veit eiginlega bara ekki neitt,“ segir Linda Gunnarsdóttir, eigandi tiskufataverslunarinnar Palómu í Grindavík.

Hvernig ætlar Linda að háttu rekstri verslunarinnar næstu vikurnar. Verður Palóma opnuð utan Grindavíkur fyrir jólin? „Ég náði að skjótast heim í gær [mánudag] og gat sótt skartgripina í búðina en öll fötin og lagerinn er eftir. Ég veit ekki hvort eða hvenær ég næ að sækja það. Þó svo að við séum með góða netverslun verð ég að geta afhent vörurnar og veit ekkert hvar ég mun geta geymt lagerinn, ef ég fæ að sækja hann. Ég er nýbúin að panta vörur fyrir milljónir og hreinlega veit ekki hvernig þetta fer. Ég ætla samt að reyna vera sterk, það eru margir

sem hafa það mun verr en ég og við verðum bara að vona það besta,“ segir Linda.

Hún segir að ástandið hafi verið skelfilegt á föstudag þegar jarðskjálftarnir gengu yfir. „Það var búíð að vera nudd allan daginn en um hálfjögur byrjaði fjörið. Ég var með konu inni í mátunarklefa og hún sagði einfaldlega; „hvað erum við að gera hér í Grindavík, við erum eitthvað ruglaðar.“ Þetta voru skjálftar sem voru á allt annarri stærðargráðu en ég hafði verið vön, það hristist allt, blómáttar fóru á hliðina og ég fór fljótlega að hug-

leiða að loka. Svo hringdi yngsti sonur minn í mig og sagði mér að allt væri komið á hvolf heima, ég var að afgreiða konu og nánast hreytti út úr mér „tjúpúsundg-níuhundruð og bæ“ og rauk heim. Heyrði í Alexöndru tengdadóttur minni sem vinnur hjá mér og sagði að við værum að fara loka búðinni. Við náðum næstum því að vera með opið allan daginn en lokuðum svo korter í sex. Ég fór heim til elsta sonar míns og þar vorum við öll fjölskyldan saman. Við höldum að þetta myndi ganga yfir en fengum svo símhringingu kl. hálfelfu og okkur sagt að það ætti að rýma bæinn! Ég ætlaði varla að trúa því en við hentum því helsta ofan í tösku og drifum okkur Nesveginn sem liggur út á Reykjanes en á þeim tíma var búíð að loka Grindavíkureiginum og Suðurstrandarvegurinn var um tíma líka lokaður en hann opnaði síðan. Foreldrar mínir búa í Reykjanesbæ og við fórum þangað en svo fékk ég íbúðina hjá Kristni Pálssyni sem býr í Innri-Njarðvík. Hann er tengdafaðir Pöllu systur og liggur á sjúkrahúsi svo við getum verið þar til að byrja með, ég er honum mjög þakklát. Sömuleiðis er ég þakklát öllum þeim fjölmörgu sem hafa hringt og boðið fram aðstoð, allt frá mínum viðskiptavinum yfir í vini og kunningja, manni líður ofboðslega vel að finna þann samhug sem er með okkur Grindvíkingum á þessum erfiðum tímum.“



Linda í Palóma.

Hef ég nægan tíma til að hugsa um framtíðina ef allt fer á versta veg

■ „Það er eins og allir séu Grindvíkingar í dag,“ segir Gunnar Tómasson, forstjóri útgerðarfyrirtækisins Þorbjarnar

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



„Ég hugsa ekki þannig, það eina sem við getum gert er að hugsa um næstu daga og vikur og láta hlutina ganga upp, ef staðan breytist til hins verra, tókum við á því,“ segir Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækisins Þorbjarnar í Grindavík en hann vill ekki hugsa til þess að Grindavík leggist í eyði.

Vinnan í dag hjá Þorbirni gengur út á að ná þeim verðmætum sem eru í geymslu í Grindavík en vel hefur gengið að skipuleggja næstu daga og vikur. „Til skamms tíma lít ég þannig á að við kappkostum að koma öllum vörum fyrirtækisins í öruggt skjól og flytja þær út til okkar viðskiptavina. Sumt er frosið og tilbúið, annað er í salti og geymist því vel en á eftir að fullvinna. Við erum að vinna í að geta komið því í aðrar vinnslur til að fullklára og í sölu fyrir jólin. Þetta hefur ekki áhrif á frystitogarana, þeir fullvinna fiskinn um borð og hann fer beint út, löndunin mun bara ekki fara fram í Grindavík heldur annars staðar. Ísfiskskipin geta auðvitað haldið veiðum áfram, sumt af aflanum fer beint á markað en við erum í samskiptum við önnur fyrirtæki upp á að geta unnið hluta aflans hjá þeim til að



uppfylla samninga við okkar viðskiptavini. Það er til skoðunar að okkar starfsfólk geti unnið á viðkomandi stað, það er allt til skoðunar. Við munum opna skrifstofu í húsakynnum Deloitte í Kópavogi í dag, húsnæði sem þeir eru nýfluttir í, sumt starfsfólk mun geta unnið heiman frá sér svo okkur gengur mjög vel að láta hlutina næstu daga ganga upp.“

Gunnar segir að þegar skjálftahrinan hófst fyrir nokkrum vikum, var strax hafist handa við undirbúning ef til þess kæmi að ekki yrði íbúðarhæft í Grindavík ef hitaveitan myndi hætta starfsemi. „Það gekk mjög vel að rýma verbúðirnar, allir starfsmenn voru undirbúnir og komu sér strax í öruggt skjól en

svo þurfum við að finna sumum betra húsnæði, sú vinna stendur yfir. Varðandi framtíðina þá hef ég nægan tíma til að hugsa um hana ef allt fer á versta veg. Nú er ég bara að hugsa um hvernig við brúum bilið þangað til við komumst heim aftur. Svona er staðan núna, við vinnum með hana og ef hún breytist, tókum við á því. Það hefur verið frábært að finna samhuginn sem við finnum hvaðanæva af, ekki bara hér á Íslandi heldur hafa erlendir viðskiptavinir okkar líka boðið fram þá aðstoð sem þeir geta veitt. Mér finnst stjórnvöld hafa staðið sig frábælega í þessari stöðu, það er eins og allir séu Grindvíkingar í dag,“ sagði Gunnar að lokum.



Hugurinn er heima í Grindavík

Ingibjörg Sigurðardóttir lyfti Noregsbikarnum í knattspyrnu

„Þetta var skrýttinn leikur, líklega sá lengsti sem ég hef spilað, hugurinn var hjá mínu fólki í Grindavík og ég gat ekki beðið eftir að komast í símann og fá fréttir frá Grindavík,“ segir Grindvíkingurinn og landsliðskonan Ingibjörg Sigurðardóttir en hún tók við Noregstílinum í knattspyrnu á laugardaginn sem fyrirlíði Vålerenga. Liðið á möguleika á tvenninni, Ingibjörg fær tækifæri til að lyfta bikarnum eftir tvær vikur.



Ingibjörg er að klára sitt sjötta tímabil sem atvinnumaður í knattspyrnu, fyrstu tvö árin lék hún með Djurgarden í Svíþjóð og síðan hefur hún spilað með Vålerenga í Noregi.

„Ég hef reynt að vera eins mikið til staðar og ég get fyrir mitt fólk, það er ekki góð tilfinning að geta ekki verið með fólkinu sínu þegar svona bjátar á. Ég myndi helst vilja vera með þeim en ég ætla ekki að vorkenna sjálfri mér, ég er þó örugg í minni íbúð hér í Noregi en myndi

virðilega vilja vera hjá fólkinu mínu núna. Sem betur fer er tæknin góð, ég er alltaf á Facetime við þau og hugur minn er algerlega hjá Grindavík og hvernig Grindvíkingum líður. Ég hef alltaf komið heim þegar tímabilið er búið, ég á eftir bikarúrslitaleikinn eftir tvær vikur og svo geri ég ráð fyrir að koma heim. Tímabilið hefur auðvitað verið frábært, ég hef verið í fyrirlíðateymi síðustu tímabil og tók við sem fyrirlíði fyrir þetta tímabil, ekki leiðinlegt að vera



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



búið að lyfta Noregstílinum og svo eigum við möguleika á tvenninni. Það er aldrei leiðinlegt að lyfta þessum bikurum,“ segir Ingibjörg en lengra viðtal er við hana á vef VIKURFRÉTTA, www.vf.is

Kannski spilum við bara í Laugardalshöllinni

„Það er búið að bjóða okkur okkur sex íþróttahús hið minnsta til að æfa í,“ segir Þorleifur Ólafsson, þjálfari kvennaliðs Grindavíkur í Subway deild kvenna. Lalli var búinn að koma sér fyrir í íbúð í Reykjavík þegar samtalið átti sér stað á sunnuveginum eftir að ósköpin riðu yfir Grindavík og vissi ekki mikið hvernig framhaldið yrði.

„Við ætlum að reyna æfa sem fyrst en ég tók stöðutékk á liðinu og þær voru ekki allar með körfuboltaskóna með sér en það er alltaf hægt að reidda því. Okkar fyrsti leikur eftir landsleikjahléið átti að vera heimaleikur á móti Þór Akureyri, nokkuð ljóst að hann fer ekki fram á okkar heimavelli. Ég nenni varla að fara norður á þessum tímamarki svo kannski verður leikurinn bara spilaður í

Laugardalshöllinni. Körfuknattleikssambandið mun pottþétt finna eitthvað út úr þessu og við tökum bara því sem verða vill. Ég veit að allir standa með okkur Grindvíkingum í þessum raunum. Mér sýnist ástandið á mínum leikmönnum vera gott miðað við aðstæður, einn útlendingurinn minn var og er í Bandaríkjunum, Danielle býr í Grindavík og komst í öruggt skjól og sú ástralska gat farið með Bryndísi aðstöðarþjálfara í Hveragerði.

Ég mun leyfa stelpunum svolítið að stjórna ferðinni í þessu, ef einhver treystir sér ekki á æfingu er það bara þannig. Ég held að ég persónulega myndi vilja geta komist á æfingu til að dreifa huganum en við erum öll ólík. Auðvitað eru allir skelkaðir en við stöndum saman í þessu. Oft



vill það gerast við svona áföll að lið þjappa sér saman. Ég held að sú verði raunin hjá mínu liði.“

Lalli var með æfingu þegar „stuðið“ byrjaði á föstudaginn. „Ég þurfti að stytta æfinguna um hálf tíma, lætin voru þvilk, en ég var búinn að segja stelpunum að þetta væri alveg að verða búið, þannig hefur þetta verið. Þórkatla, konan mín, var að halda upp á afmæli og hringdi í mig og þá bara dreif ég mig heim. Foreldrarir voru að koma að sækja börnin sín í afmælið og við tókum ákvörðun um að flýja Grindavík og fá smá skjálftafri, ætluðum bara að koma heim daginn eftir. Við tókum eitthvað með okkur en gleymdum tösku með tölvm, íþöðum og slíku, við gerðum einfaldlega ráð fyrir að geta snúið til baka eftir að þessari hrinu myndi ljúka. Þetta er staða sem maður hélt innst inni að kæmi ekki upp. Ég fór með son minn á fjölliðamót á laugardaginn og þar hittum við margra Grindvíkinga, það var gott en svo er ekkert annað hægt en taka bara æðruleysið á þetta. Við verðum bara að vonast eftir því besta,“ sagði Lalli.



Þorleifur og Danielle Rodriguez á hliðarlínunni í leik með Grindavík í upphafi tímabilsins.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Akurskóli - Starfsfólk skóla

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennari

Háaleitisskóli - Starfsfólk skóla í Friðheima

Háaleitisskóli - Kennari í Friðheima

Velferðarsvið - Félagsráðgjafi í barnaverndarþjónustu

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



MIKIL GÆÐI Í SUNDLIÐI ÍRB

Sundfólk ÍRB raðaði inn verðlaunum á Íslands- og unglingsmeistaramótiinu í 25 metra laug sem fram fór í Ásvallalaug í Hafnarfirði um helgina.

ÍRB vann til alls átta íslandsmeistararitla og níu unglingsmeistararitla á Íslandsmótiinu í 25 metra laug, þá féllu 57 innanfélagsmet á mótiinu og tvö Íslandsmet í aldursflokkum.

Eva Margrét Falsdóttir varð Íslandsmeistari í fjórum greinum á mótiinu, Fannar Snævar Hauksson og Guðmundur Leo Rafnsson urðu Íslandsmeistarar í tveimur greinum hvor. Þá náðu fjórir sundmenn (Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Guðmundur Leo Rafnsson, Fannar Snævar Hauksson og Eva Margrét Falsdóttir) lágmarkum á Norðurlandameistaramótið sem fram fer í Tartu í Eistlandi 1. til 3. desember.

Íslandsmeistararitlar: Eva Margrét Falsdóttir; 100 metra fjórund, 200 metra bringusund, 200 metra fjórund og 400 metra fjórund, Fannar Snævar Hauksson; 50 metra baksund og 100 metra flugsund, og Guðmundur Leo Rafnsson: 100 metra baksund og 200 metra baksund.



Eva Margrét Falsdóttir vann fjóra Íslandsmeistararitla um helgina.

Unglingalandslið: Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Daði Rafn Falsón, Denas Kazulis, Guðmundur Leo Rafnsson og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir.

Úrvalshópur: Eva Margrét Falsdóttir og Fannar Snævar Hauksson.

Afrekslandslið: Eva Margrét Falsdóttir, Fannar Snævar Hauksson og Guðmundur Leo Rafnsson.

Sveitir ÍRB skiluðu góðum árangri

Fannar Snævar Hauksson, Guðmundur Leo Rafnsson, Eva Margrét Falsdóttir og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir skipuðu blandaða sveit ÍRB í 4x50 metra skriðsundi og náði í bronsverðlaun.

Kvinnasveit ÍRB landaði silfurverðlaunum í 4x100 metra fjórund kvenna. Í sveitinni voru Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Elísabet Arnóddsdóttir og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir. Kvinnasveitin landaði einnig bronsverðlaunum í 4x100 metra skriðsundi kvenna.

Þrátt fyrir ungan aldur náði karlasveit ÍRB þriðja sæti í 4x200 metra skriðsundi þegar hún bætti Íslandsmetið í aldursflokkki 13-15 ára karla um tæplega fimmtán sekúndur. Sveitina skipuðu þeir Denas Kazulis, Daði Rafn Falsón, Árni Þór Pálmason og Nikolai Leo Jónsson en sama sveit hafnaði í fjórða sæti í 4x100 metra skriðsundi og bætti Íslandsmetið í aldursflokkki 13-15 ára karla um um tæpar tvær sekúndur.



Kobrun Eva Hólmarsdóttir.

Jóhanna Ýr Óladóttir.

Fimleikastúlkur á verðlaunapalli Keppendur úr Reykjanesbæ stóðu sig vel á móti í Svíþjóð

Í nóvember fór fram fimleikamót í Malarcupen í Svíþjóð en mótið er óformlegt Norðurlandamót í áhaldafimleikum. Á mótiinu kepptu fjórar stúlkur úr Reykjanesbæ. Jóhanna Ýr Óladóttir keppti í kvennaflokkki og landaði bronsverðlaunum fyrir æfingar sínar í stökki, Kolbrún Eva Hólmarsdóttir keppti í unglings-

flokki og var í fyrsta sæti á gólfi og öðru sæti í stökki. Á sama móti kepptu þær Guðlaug Emma Erlingsdóttir og Indía Marý Bjarnadóttir og stóðu sig vel.

Fimleikamótið var það stærsta sinnar tegundar sem haldið hefur verið en 400 iðkendur tóku þátt frá fjórtán löndum og mótið átti stórafmæli í ár en það er 40 ára.



Kvinnasveit ÍRB: Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Elísabet Arnóddsdóttir og Ástrós Lovísa Hauksdóttir.

LAUSAR STÖÐUR Í STÓRU-VOGASKÓLA

Stóru-Vogaskóli óskar eftir að ráða kennara í eftirfarandi stöður:

- Íþrótt- og sundkennari
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Stóru-Vogaskóli er 180 barna grunnskóli, í ört stækkandi samfélagi, þar sem skólastarf er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og veltgengi sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflugum og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er Grænfánaskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu, skal fylgja umsókn
- Reynslu af kennslu
- Hæfnispróf sundkennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvís
- Áhugi á að starfa með börnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara.

Umsóknarfrestur er til 28. nóvember. Umsóknir skulu berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri í síma 440-6250.



VOGAR
– vinalegur bær

1X2 „PRUMAÐ Á ÞRETTÁN“

Grindvískir tipparar með þrettán rétta

Tipparar í Grindavík láta ekki deigan síga í tippinu þrátt fyrir náttúruhamfarir og nældu sér í þrettán rétta á sunnudagsseðlinum. Var miðinn keyptur í gegnum félagakerfi UMFG. Notuðu Grindvíkingarnir Ú kerfi þar sem sjö leikir eru þríttryggðir og tveir leikir tvíttryggðir og kostaði miðinn 8.788 krónur.



sinni. Njarðvíkingurinn Hámundur Örn Helgason stóð við stóru orðin og sló Vogamærina Petru Ruth Rúnarsdóttur út í síðustu umferð, 11-9. Petra hefur því lokið leik og þökkum við henni fyrir þátttökuna en hún tyllti sér þó í annað sætið í heildarkeppninni, hún er með sautján rétta en Eva Rut Vilhjálmssdóttir úr Garði er í þriðja sæti með sextán rétta. Grindvíkingurinn Jónas Þórhallsson situr sem fastast á toppnum, fékk 26 rétta samtals enda hélt hann velli í þrjú skipti.

Alls voru fimmtán tipparar á Íslandi með þrettán rétta á sunnudagsseðlinum og vinningurinn því ekki hár eða rúmar 80 þúsund krónur.

Fjórir tipparar voru með þrettán rétta á enska getraunaseðlinum síðastliðinn laugardag og fá þeir rúmar 600.000 krónur í sinn hlut

hver. Einn vinningsmiðinn var keyptur í félagakerfi Knattspyrnufélags Fjallabyggðar og var hann með sjö tvíttryggða leiki og sex leiki með einu merki og kostaði 1.664 krónur.


Ekki verður leikið í ensku úrvaldeildinni um helgina og því verður tipleikur Víkurfréttanna í fríi að þessu

Gefðu myndlistarvörur um jólin

Hjá okkur færð þú einfaldlega allt í jólapakkann fyrir myndlistarfolk á öllum aldri. **Gjafasett** sem slá alltaf í gegn, allar tegundir **lita**, ótrúlegt úrval af **trönum**, **pensla**, **pappír**, **skissubækur**, **möppur**, **striga**, **blindamma**, **spreybrúsa** og margt, margt fleira.

SLIPPFÉLAGIÐ Opið:
Hafnargötu 54 **8-18** virka daga
Reykjanesbæ **10-14** laugardaga
S: 421 2720 **slippfelagid.is**

Margar af öflugustu jarðytum landsins eru komnar í Svartsengi þar sem vinna við varnargarða er hafin. Myndina til hægri tók Guðmundur Bergkvist Jónsson við Grindavíkurveg á þriðjudag. Að neðan má sjá mynd af fyrirhuguðum varnargörðum í Svartsengi sem Almanna- og Ríkislögreglustjóra hefur gefið út.



Mundi

Áfram Grindavík!

Reisa varnargarða við Svartsengi

■ Flytja þarf 20.000 vörubílsfarma af efni úr námum á svæðið

Alþingi samþykkti á mánudagskvöld frumvarp forsætisráðherra um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Fimmtíu og sjö þingmenn greiddu atkvæði með frumvarpinu. Með frumvarpinu er heimilt að ráðast í gerð varnargarða í Svartsengi og verja þannig mikilvæga innviði eins og orkuverið sem þar er. Orkuver HS Orku sér öllum íbúum fyrir heitu og köldu vatni, auk þess sem þar er raforkuframleiðsla. Gert var ráð fyrir að frumvarpið yrði að lögum í gær, þriðjudag.

Markmið laganna er að verja mikilvæga innviði og aðra almanna-hagsmuni á Reykjanesskaga fyrir hugsanlegum eldsumbrotum. Lög þessi gilda um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu almanna- og Ríkislögreglustjóra fer með framkvæmd aðgerða sem tekin er ákvörðun um á grundvelli laga þessara.

Nauðsynlegar framkvæmdir sem falla undir lögini eru uppbygging varnargarða, gerð varnarfyllinga yfir veitumannvirki og gróftur leiðarskurða.

Efnisflutningar úr námum í Stapafelli eru þegar hafnir og hafa um þrjú tugir vörubíla verið á ferðinni með efni úr námum en hátt í 40 starfsmenn vinna að verkinu. Byrjað var á að flytja efni á svæðið en þegar þetta er skrifað síðdegis á

þriðjudegi var beðið framkvæmdaleyfis til að byrja formlega á varnargarðinum, sem er ætlað að verja orkuverið í Svartsengi.

Ari Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Verkis, segir í samtali við Visir.is að byrjað verði á varnargarði milli Svartsengis og Sundhnúka-gígaradarinnar. Þegar leyfi komið frá almanna- og Ríkislögreglustjóra er ætlað að byrjað á garðinum á tveimur stöðum.

Gríðarlegir efnisflutningar þurfa að eiga sér stað við gerð varnargarða, eða um 20.000 vörubílsfarma af efni. Hugsanlegt er að ljúka verkinu á 30-40 dögum.

Nánar er fjallað um náttúruhamfarir í og við Grindavík í daglegum fréttatvöngum á vef Vísirfréttu, vf.is.

LOKAORD



RAGNHEIDAR ELÍNAR

Ekki á meðan ég lifi

Á uppvaxtarárum mínum í Keflavík fórum við fjölskyldan reglulega í sunnudagsbílur um Reykjanesið. Minning mín er af aðeins of löngum bíltúrum í fjölskyldubílum – Ford Cortinu – á mjög misgóðum malarvegum. Ég man eftir að horfa úr aftursætinu á Keili og allskonar hraun og gígaraðir og hafði barnslegar áhyggjur af því að það kæmi allt í einu eldgos og þetta myndi allt springa í loft upp. Þegar ég lét þessar áhyggjur mínar í ljós við foreldra mína þá gerðu þau mjög lítið úr því og ég man eftir að pabbi minn sagði mér að þetta væri nú alls ekkert til að hafa áhyggjur af. Reykjanesið væri steindautt, hér hafði ekki gosið síðan Snorri Sturluson var og hét og hann var algjörlega viss um það myndi ekki gerast aftur: „Alla vega ekki á meðan ég lifi,“ eins og hann sagði.

Elsku pabbi hafði að hluta til rétt fyrir sér. Það gaus aldrei á Reykjanessinu í þau 88 ár sem hann lifði. Hann dó fyrir tæpum fjórum árum, þann 18. nóvember 2019. En hann hafði hins vegar ekki alveg rétt fyrir sér um Reykjanesið – það er síður en svo steindautt. En síðan pabbi dó er búið að gjósa þrisvar sinnum, í fyrsta sinn 19. mars 2021 við Fagradalsfjall. Reykjanesið er vaknað af værum svefni.

Við höfum verið heppin með þessi þrjú gos. Falleg túristagöng sem hafa ekki ógnað lífi íbúa Reykjaness né mikilvægum innviðum. Eiginlega bara verið dældið spennandi. Grindvíkingar auðvitað sérstaklega, og við Suðurnesjamenn öll, höfum orðið fyrir einhverjum óþægindum, upplifað endalausa jarðskjálfta, en þetta hefur allt sloppið til.

Núna er staðan öll önnur. Nú líður mér dældið eins og litlu stelpunni í aftursætinu sem hafði í alvörunni áhyggjur af því að Keilir myndi springa í loft upp í sunnudagsbílunum. Þetta er of nálægt, þetta er of alvarlegt og við erum svo áþreifanlega vanmáttug í alla staði. Hér eru jarðhræringar í gangi og við vitum ekkert hvar, hvort eða hvenær eitthvað gerist.

Þegar þetta er skrifað hefur ekki gosið. Þegar þetta er skrifað hefur Grindavíkurbær hins vegar verið rýmdur og búið að gera allt sem er til að tryggja öryggi íbúa og þá innviði sem hægt er að vernda. Það skiptir mestu máli. En þegar þetta er skrifað er líka vitað um stóra sprungu sem liggur í gegnum Grindavíkurbæ. Og enginn veit neitt.

Ég, eins og þjóðin öll, sendi mínar allra bestu kveðjur og strauma til Grindvíkinga og vona svo hjartanlega að þetta fari allt vel og að bærinn verði fjarri eldgosalínunni. Ég vona líka og óska þess að okkar mikilvægu innviðir, virkjunin í Svartsengi, Bláa lónið og annað sleppi. Hér vitum við hins vegar bara ekki neitt og erum eina ferðina enn bara einfaldlega á valdi Móður Jarðar.

Og það eina sem við getum gert sem samfélag og sem þjóð er að standa saman og hjálpa hvert öðru. Ég er ekki frá því að pabbi minn hafi líka sagt mér það þegar við vorum að keyra Reykjaneshringinn – að þetta gerist ekki á meðan ég lifi, en við myndum alltaf öll hjálpast að ef eitthvað myndi gerast. Auðvitað.

Blóðsykurmæling Lions í Reykjanessbæ og Vogum

Næstkomandi helgi mun Lions á Suðurnesjum standa fyrir sinni árlegu blóðsykurmælingu. Fimmtudaginn 16. nóvember verðum við með mælingu í íþróttahúsinu í Vogunum frá klukkan 16 og svo föstudaginn 17. nóvember í Nettó Krossmóa 4 í Reykjanessbæ.

Mælingin er hluti af landsátaki Lionshreyfingarinnar og vitundarvakningu um sykursýki.

Nóvember ár hvert er mánuður sykursýkisvarna hjá Lions. Þá bjóða Lionsklúbbar víðs vegar um land upp á frjá blóðsykurmælingu. Markmiðið er að vekja almenning

til umhugsunar um hættuna sem getur stafað af því að ganga með dulda sykursýki

Mælingin er öllum að kostnaðarlausu og viljum við hvetja alla bæjarbúa til að nýta sér þessa þjónustu Lions.



Jóla lýsing í Kirkjugörðum Keflavíkur 2023



Opnunartímar Kirkjugarða Keflavíkur vegna móttöku lýsingargjalda og til að aðstoða þá sem á aðstoð þurfa að halda við uppsetningu krossa verður:

Miðvikudagur 22. nóvember kl. 13–17
Fimmtudagur 23. nóvember kl. 13–17
Föstudagur 24. nóvember kl. 13–17
Laugardagur 25. nóvember kl. 10–15
Sunnudagur 26. nóvember kl. 13–15

Frá 28. nóvember til 21. desember er opið þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15–17.

Verð á lýsingu yfir aðventu og fram á þrettánda er 5.000 kr. fyrir einn kross og 4.000 kr. umfram það. Posi er á staðnum.

Leigu- og sölukrossar verða á staðnum. Óskað er eftir að aðstandendur fjarlægja jóla- og ljós af leiðum fyrir 31. janúar. Eftir það munu starfsmenn garðanna fjarlægja af leiðum.

Við minnum á að reglur kirkjugarða er að finna á: <http://www.keflavikurkirkja.is/kirkjugardar/>

Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður Kirkjugarða Keflavíkur, Friðbjörn Björnsson í síma 824-6191 milli kl: 10-16 alla virka daga.

Kirkjugarðar Keflavíkur



KIRKJUGARÐAR KEFLAVÍKUR